

Markmið ASÍ og SA um hjöðnun verðbólgu og samstarf aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda vegna samkomulags 22. júní 2006.

Samkomulag hefur verið gert milli Samtaka atvinnulífsins annars vegar og Alþýðusambands Íslands og landssambanda þess hins vegar um breytingar á kjarasamningum. Forsendunefnd aðilanna hefur ennfremur komist að samkomulagi um viðbrögð vegna verðbólgu umfram forsendur gildandi kjarasamninga. Þá hefur ríkisstjórnin gefið út sérstaka yfirlýsingu um aðgerðir í tengslum við þennan atburð.

Meginmarkmið samkomulags aðila vinnumarkaðarins og aðgerða ríkisstjórnarinnar er að breyta væntingum um verðbólgu á árinu 2007 þannig að á síðari hluta ársins verði verðbólga komin í takt við 2,5% verðbólguviðmið kjarasamninga og verðbólguþækkun Seðlabanka Íslands.

Forsendunefnd samningsaðila hefur komist að samkomulagi um lágmarks kjarabreytingar sem taka gildi þann 1. júlí 2006. Samningar eru þar með ekki uppsegjanlegir og bundnir a.m.k. til ársloka 2007. Ennfremur hafa samningsaðilar gert kjarasamningþar sem gerðar eru tiltekna breytingar á samningsbundnum launatöxtum kjarasamninga á samningssviði SA og félaga innan ASÍ, sem ætlað er að draga úr því misvægi sem myndast hefur vegna meiri launahækkana hjá hinu opinbera á undanförunum mánuðum og misserum. Það er von samningsaðila að samkomulagið um launabreytingar verði til þess að tryggja ró á vinnumarkaði, þannig að launa- og verðlagsþróun styðji við markmið samningsaðila um hjöðnun verðbólgu.

Meginatriðið í þeirri hugmyndafræði og væntingum sem liggja að baki samkomulagi aðila vinnumarkaðarins er að lækunarferill verðbólgunnar sé markviss og trúverðugur. Samningsaðilarnir gera þó ráð fyrir því að launahækkarnir hinn 1. júlí 2006 hafi einhver áhrif til hækkunar verðbólgu á árinu. Í ljósi útlits um lítinn sem engan hagvöxt á næsta ári er brýnt að fyrirtæki taki ekki á sig kostnaðarhækkanir og taki ákvarðanir um verðlagningu sem veikja stöðu þeirra. Samningsaðilar telja að út frá horfum í efnahagsmálum megi miða við að verðbólgan m.v. þriggja mánaða hækkun vísitölu neysluverðs verði undir:

- 3,7% á 3. ársfjórðungi 2006,
- 2,9% á 4. ársfjórðungi 2006
- 1,2% á 1. ársfjórðungi 2007
- 1,0% á 2. ársfjórðungi 2007
- 0,7% á 3. ársfjórðungi 2007
- 0,6% á 4. ársfjórðungi 2007

ASÍ og SA telja brýnt að hagstjórnin styrki þær væntingar sem samtökin hafa um hjöðnun verðbólgu á árinu 2007. Í því skyni telja ASÍ og SA nauðsynlegt að eiga formlegt samráð við ríkisstjórnina um gang efnahagsmála og verðbólguhorfur út samningstímann. Í slíku samráði yrði þá lagt mat á stöðuna og fjallað eftir atvikum um viðbrögð og aðgerðir.

Reykjavík, 22. júní 2006

F.h. Alþýðusambands Íslands
og landssambanda þess

F.h. Samtaka atvinnulífsins

